

Helgi Héðinsson
Geiteyjarströnd 1
660 Mývatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. ágúst 2014
Tilvísun: UST20140800006/sá


Fyrirhugaðar náttúruskoðunarferðir um Mývatn - leyfisskylda.


Með bréfi, dags. 1. ágúst 2014 kynntir þú áform um að bjóða upp á náttúruskoðun um Mývatn með því að róa um vatnið á litlum hefðbundnum fiskibát undir leiðsögn heimamanns. Til að byrja með væri farið með 1 bát í einu og hámark 6 farþegar. Fram kemur í erindinu að við undirbúning þessa hafi verið sérstaklega tekið tillit til þeirra sjónarmiða sem fram koma í lögum og reglugerð um verndun Mývatns en fyrirkomulag náttúruskoðunarferðanna sé með þeim hætti að viðkvæmu umhverfi Mývatns verði ekki ógnað á nokkurn hátt. Fram kemur það mat að ekki sé þörf á sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun telur að stofnunin þurfi að meta slíkt í hverju tilviki fyrir sig.

Stofnunin bendir á að samkvæmt 2. mgr. 17. gr. reglugerðar um verndun Mývatns og Laxár í Suður – Þingeyjarsýslu skal leita leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hvers konar framkvæmd og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Umsókn skal berast stofnuninni a.m.k. fjórum vikum áður en fyrirhugað er að viðkomandi starfsemi eða framkvæmd hefjist. Óheimilt sé að hefja slíka starfsemi eða framkvæmdir áður en leyfi hefur fengist. Umhverfisstofnun skal leita umsagnar Náttúruvísunastöðvarinnar við Mývatn og Náttúrufræðistofnunar Íslands um leyfisumsókn. Einnig eru í reglugerðinni sérstakar reglur um umferð o.fl.

Erindi þitt gefur, að mati stofnunar, til kynna að starfsemin kunnist hafa í för með sér truflun fyrir fuglalíf. Telur stofnunin því rétt að sótt verði um leyfi fyrir starfseminni þar sem fram koma nákvæmar upplýsingar um fyrirkomulag starfseminnar, þ.e. tíðni og fyrirkomulag ferða, hvert fyrirhugað er að róa með farþega, hvenær árs ferðir eru fyrirhugaðar og hvort notast verði við hjálparmótor til að knýja bátinn áfram. Í erindinu er vísað til þess að Umhverfisstofnun hafi ekki krafist þá fjölmörgu aðila sem stunda starfsemi m.a. á verndarsvæðinu um sérstakt leyfi til náttúruskoðunar. Óskað er frekari upplýsinga um hvaða starfsemi átt er við.

Virðingarfyllt


Davíð Örvar Hansson
Sérfræðingur


Sigrún Agústsdóttir
Sviðsstjóri